

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarsal Grensáskirkju 5. desember 2022 kl. 20:00.

Formaður Björg Blöndal setti fundinn og stjórnaði honum. Ritari las síðustu fundargerð og var hún samþykkt.

Björg sagði það ánægjulegt að svona margar konur væru mættar á 80 ára afmæli félagsins. 54 konur mættu á fundinn sem var rauverulega 1. fundur eftir COVID.

Gylfi Gunnarsson mætti með söngbækur. Gylfi spilaði falleg lög sem félagskonur tóku vel undir og sungu með. Var þetta mjög skemmtileg stund með þessum flotta hljómsveitarmanni úr Þokkabót. Guðný Sölvadóttir var með happdrættismiða til sölu og voru vinningar mjög flottir.

Síðan var drukkið kaffi sem konur frá Seyðisfirði sáu um, þær Edda Lýðsdóttir, Stefanía Sigurðardóttir, Jónhildur Friðriksdóttir, Pálína Karlsdóttir, Sigríður Friðriksdóttir, Björg Blöndal, Guðný Þorvaldsdóttir og svo voru með þeim tvær hjálparhellur, Halldóra Blöndal og Bylgja Ólafsdóttir.

Hafðís Bogadóttir bað um orðið og þakkaði fyrir góðan og skemmtilegan fund. Fékk hún flott klapp fyrir.

Séra Sjöfn Jóhannesdóttir flutti hugvekju.
Ekki var fleira tekið fyrir.

Guðný Þorvaldsdóttir, ritari.